

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 9. ágúst 1996.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Einar Magnússon.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 13. ágúst 1996, staðfest breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar frá 27. apríl 1990.

Breytingin er fólgin í því að á lóðinni nr. 55 við Strandgötu er heimilað að byggja þriggja hæða stofhús í stað einnar hæðar tengibyggingar.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 13. ágúst 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Magnús Jóhannesson.*